

ÞARFAGREINING HNEFALEIKAFÉLAGS HAFNARFJARÐAR

Október 2017



Efnisyfirlit

Upphafsorð.....	2
Núverandi húsnaði.....	2
Myndir.....	4
Hvers konar húsnaði þarf hnefaleikafélag?	14
Diplómahnefaleikar	16
Heimildir	17

Þarfagreining Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar

Upphafsorð

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar var stofnað árið 2006. Hafnarfjarðarbær útvegaði okkur bráðabirgðarhúsnæði árið 2007 sem er staðsett í Dalshrauni 11. Þetta húsnæði átti að hýsa félagið í eitt ár. Félagið er enn staðsett í sama húsnæði, 10 árum seinna.

Á 46., 47., 48. þingi ÍBH hafði HFH lagt fram tillögu um forgangsröðun til þess að komast í annað húsnæði. Á 49. þingi ÍBH urðu mistök til þess að ekki var neitt lagt fram á því þingi. En félagið hefur samt sem áður verið í samskiptum við bandalagið um húsnæðismálin. Þann 20. maí síðastliðinn var 50. þing ÍBH haldið og þá var aftur fram komin tillaga frá HFH um forgangsröðun. Á því þingi var vel tekið í tillögu HFH og allir sammála um að ástandið væri ekki boðlegt lengur. Félagið þarf annað húsnæði sem það getur nýtt til framtíðar. Það er einlæg ósk félagsins að enda ekki aftur í bráðabirgðarhúsnæði, heldur húsnæði sem er í góðu standi og henti félaginu vel. Að því sögðu er þessi þarfagreining lögð fram.

Núverandi húsnæði

Við byrjum á því að fara yfir það sem er að í núverandi húsnæði. Það er m.a.:

- Mikið af vatni hefur náð að leka inn um vegginn vestan megin í miðju húsnæðinu. Veggurinn er talinn ónýtur af rakaskemmdum. Sekkirnir eru staðsettir á veggnum vestan megin og hafa tveir þeirra hrunið niður vegna þess hve mjúk steypa í veggnum er orðin útaf lekanum niður vegginn. Festingarnar fyrir sekkina eru þannig að ekki ætti að vera nokkur leið fyrir þær að losna frá veggnum. Smiðir sem við höfum rætt við telja að það þurfi að skipta alveg um vegginn. Grunur leikur á að mygla gæti verið í húsnæðinu vegna rakaskemmdanna.
- Mikil fúkkalykt er í húsnæðinu vegna rakans.
- Í sumar lokaði fasteigna eigandinn fyrir lekann. Eftir stendur gat í loftinu meðfram heilum vegg (sjá myndir í næsta kafla). Í loftinu er einangrað með glerull. Í 10.6.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 kemur fram að „þar sem steinull eða glerull er notuð innan byggingar skal tryggja að yfirborð ullarinnar sé varið eða ullin höfð innan lokaðs byggingarluta þannig að ryk eða nálar úr ullinni eigi ekki greiða leið út í andrúmsloftið“. Gatið í loftinu er staðsett beint fyrir ofan vegginn þar sem allir sekkirnir eru hengdir. Þegar slegið er í sekkina hristist veggurinn og þ.a.l. á glerullinn greiða leið niður og í lungu iðkenda.
- Skemmdir á gluggum vegna raka. Einnig hafa nokkrir gluggar verið brotnir alveg frá því að félagið kom í húsnæðið.
- Vatnslagnir eru lélegar/ónýtar. Þegar frost er úti þá frýs vatn í lögnunum (ekki nógu vel einangraðar) og þá kemur ekkert vatn. Við þurfum því að skilja eftir rennandi vatn allan sólarhringinn þegar það er frost úti svo að við getum haft rennandi vatn.

- Í niðurstöðu úttekt Heilbrigðiseftirlitsins í október 2015 var gerð athugasemd út á það að blöndunartæki væru ekki hitastýrð. Ef vatn er látið renna nógu lengi getur það orðið brennandi heitt.
- Allar sturtur í báðum klefum biluðu síðasta vetur. Við fundum tímabundna lausn á því en þær eru samt í slæmu ástandi.
- Ræstiaðstaða var ekki til staðar þegar félagið flutti inn. Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemd út á það í úttekt sinni árið 2015. Til þess að bæta úr því sáum við engra aðra kosti en að útbúa slíka aðstöðu úr einum sturtuklefa. Ræstiaðstaðan býður ekki upp á að hafa skolvask þar inni, en þess má geta að Hollustuháttahópur Umhverfisstofnunar gerði úttekt árið 2010 á þrifum og ýmsum öryggisatriðum í 85 íþróttahúsum á öllu landinu.¹ Sérstaklega var athugað hvort skolvaskur væri til staðar í ræstiaðstöðu, en það reyndist vera í öllum tilfellum nema einu húsi.
- Læsing í hurð í flóttaleið er léleg. Það gæti verið að hún myndi ekki opnast þegar á reynir.
- Íþróttasalurinn er lítill. Hnefaleikar eru einstaklingsíþrótt, þannig hver einstaklingur þarf á ákveðnu plássi að halda. Markmiðið okkar er að hafa 50 börn og unglinga, þ.e. 20-25 á hvorri æfingu, en það er ómögulegt að ná því í núverandi aðstöðu.
- Leigan fyrir húsnæðið er alltof há og í engu samræmi við ástand þess.
- Við höfum margoft heyrt frá foreldrum að þau treysti ekki börnum sínum að fara sjálf á æfingu vegna staðsetningarinnar. Húsnæðið er í miðju iðnaðarhverfi sem er ekki talið barnvænt umhverfi af foreldrum.
- Það er ekki hægt að hafa afgreiðslu sem aðskilur æfingasalinn. Þetta hefur almennt ekki verið vandamál, en undanfarið ár hefur mikið borið á hælisleitendum sem eru á ferli í þessari götu. Þeir hafa aðstöðu í húsnæði mjög nálægt okkur og koma reglulega inn til okkar og trufla æfingar. Þeir mega að sjálfsgöðu æfa hjá okkur hnefaleika eins og allir, en það hefur sjaldnast verið ástæða þess að þeir koma inn.
- HFH er í sama húsnæði og Músík og Mótor, en við teljum að íþróttastarfsemi eigi ekki samleið í sama húsnæði og sú starfsemi sem fer þar fram. Einstaklingar frá þeim eða gestir eru oft að reykja beint fyrir utan loftræstinguna hjá okkur og þá ratar reykíngalykt beint inn í æfingasalinn, þótt það megi ekki reykja á lóðinni.
- Félagið hefur nær aldrei náð að nýta öll bílastæðin fyrir framan húsnæðið fyrir sína iðkendur. Það er nánast undantekningalaust að verkstæði í kring leggja bílum fyrir framan félagið og skilja þá eftir í langan tíma. Við erum orðin langþreytt á því að vera í eltingarleik við bílaeigendur um að færa bílana sína. Við erum með u.þ.b. 6–10 stæði, en í fullorðinshópnum okkar er nánast alltaf fleiri en 10 manns að æfa og þá koma flestir á bíl.
- Upplýst merking utan á húsi er brotin, en ekki þykir við hæfi að kaupa nýja merkingu fyrr en vitað verður hvar framtíðarstaðsetning félagsins verður.

¹ Umhverfisstofnun, “Þrif og öryggisatriði í íþróttahúsum” (2010) <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefing/Annad/ust-2010_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf>

Myndir

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar leggur fram eftirfarandi myndir máli sínu til stuðnings um að flytja úr núverandi aðstöðu (bls. 6-15):

Rakaskemmdir:

Loftið var opnað af eigendum húsnæðisins til að gera við leka í byrjun sumars 2017. Gatinu var ekki lokað fyrr en í október 2017. Það er samt ennþá gat í einum burðarbitanum í loftinu.

Í loftinu er glerull. Þegar iðkendur kýla í sekkina þá hristist veggurinn og loftið örlítið og trefjar úr glerullinni eiga greiða leið í lungu iðkenda. Óvarin glerull getur losað frá sér skaðlegar trefjar.²



² Vistbyggðarráð, "Efnisgæði. Yfirlit yfir algeng byggingarefni, eiginleika þeirra og helstu umhverfisáhrif" (2017) <http://www.vbr.is/files/Efnisg%C2%AA%2B%C2%A6i_b%2B%C2%AAklingur_7.pdf> 26.









Miklar skemmdir eru á parketi vegna lekans





Rúður sem hafa verið brotnar síðan fyrir tíma HFH í húsnæðinu:





Lagnir eru sýnilegar í búningssklefum



Sturtur í kvennaklefa



Sturtur í karlaklefa eru nú aðeins tvær þar sem það þurfti að breyta þriðju sturtunni í ræstiaðstöðu.



Ein sturta í karlaklefa af þremur var nýtt til þess að útbúa læsta ræstiaðstöðu þar sem ekki var gert ráð fyrir slíku þegar félagið flutti þangað inn í byrjun. Enginn skolvaskur til staðar í ræstiaðstöðu.



Þegar smiðirnir frá eiganda húsnæðisins komu í byrjun sumars 2017 til þess að reyna að gera við lekann í húsnæðinu skildu þeir svona við sig og þetta rusl var fyrir utan í allt sumar og ekki fjarlægt fyrr 19. september 2017.



Ein af tveimur loftræstingum fyrir æfingasalinn er biluð.

Hvers konar húsnæði þarf hnefaleikafélag?

Við úrvinnslu á því hvað telst nauðsynlegt og æskilegt fyrir húsnæði sem er ætlað að hýsa hnefaleikafélag var stuðst við reglur alþjóðasamtaka hnefaleika (AIBA), viðtöl við reynda hnefaleikabjálfa og leiðbeiningar um hönnun á rými fyrir hnefaleika frá Rússlandi. Hnefaleikafélag ætti að geta deilt húsnæði með öðrum íþróttum, en það þyrfti að takmarka aðgengi að hnefaleikahringnum.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar þarf á eftirfarandi að halda fyrir húsnæði:

- Húsnæði í góðu ásigkomulagi og staðsetningu sem foreldrar geta treyst.
- Gera þarf ráð fyrir tveimur búningsklefum með góðri sturtuáðstöðu, salerni, æfingasal, hnefaleikahring, lyftingarsal, skrifstofu, afgreiðslu og læstri loftræstri ræstiaðstöðu. Í æfingasalnum þarf að vera nægilegt pláss fyrir iðkendur til að æfa grunntæknistöðu og pláss fyrir sekki og teygjubolta.
- Hnefaleikahringur:
 - Samkvæmt alþjóðaleiðbeiningum AIBA er stærð hnefaleikahringis fyrir alþjóðamót að lágmarki 6,10 m x 6,10 m innri hringur miðað við reipi, en járnin sem eru á ytri hring eru þá að lágmarki 7,80 m x 7,80 m.³
 - Lofthæð þarf að vera góð þar sem hnefaleikahringur þarf að vera 1 m frá gólfi og reipin ná 1,32 m frá gólfi hringsins.⁴
 - Bilið frá hring og að vegg verður að vera a.m.k. 2 metrar.⁵
 - Lýsing fyrir ofan hnefaleikahring skal vera að lágmarki 1000 lux. Lýsingin má einungis vera staðsett beint fyrir ofan hring, en ekki koma frá hliðum.⁶
- Lofthæð skal vera að lágmarki 3,9 m í æfingasal þar sem hnefaleikahringur er staðsettur.⁷

³ International Boxing Association, „AIBA Technical Rules“ (2016)
<<http://d152tffy3gbaeg.cloudfront.net/2015/02/AIBA-Technical-Rules-April-26-2017.pdf>> Rule 17.

⁴ International Boxing Association, „AIBA Technical Rules“ (2016)
<<http://d152tffy3gbaeg.cloudfront.net/2015/02/AIBA-Technical-Rules-April-26-2017.pdf>> Rule 17.

⁵ SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing“ (2010)
3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities < <http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aad0-650dcbc5a591>>

⁶ SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing“ (2010)
3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities < <http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aad0-650dcbc5a591>>

⁷ SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing“ (2010)
3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities < <http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aad0-650dcbc5a591>>

- Stærð æfingasals með hnefaleikahring, en fyrir utan lyftingaraðstöðu, m.v. 25 manns á æfingu þarf að vera 300 fm²:⁸
 - Lyftingaraðstaða: 30 m²
 - Klefar og salernisaðstaða: 70 m²
 - Skrifstofa og ræstiaðstaða: 30 m²
 - Samtals = 430 m²
 - Ath. að það þarf líka að reikna með því að æfingasalur með hnefaleikahring sé nægilega stór til þess að nokkrir áhorfendur geti fylgst með þegar það eru haldin mót í félaginu. Það var haldið mót í félaginu 30. september 2017 sem var ekki auglýst, en samt var húsið fullsetið. Núverandi húsnæði félagsins í Dalshrauni er með 200 m² æfingasal.
- Tveir búningaklefar með sturtuaðstöðu og skápum sem hægt er að læsa.
- Skrifstofa fyrir þjálfara og starfsmenn.⁹
- Gólfefni þarf ekki að vera dýrt. Best væri að hafa bara krossvið. Þau félög sem hafa verið að nota dýnur hafa ekki reynst nógu vel því þær tæstast fljótt upp. Parketið sem er í núverandi húsnæði er alltof sleipt og fyrir vikið þurfa byrjendur að leggja sig meira fram við að ná grunntækni. T.d. er krossviður aðeins stamari og myndi henta betur.
- Það þarf fleiri sekki heldur en eru í núverandi húsnæði. Lágmark 10 sekkir, 10 teygjuboltar og a.m.k. ein baula. Sekkir þurfa að vera í mismunandi stærðum og teygjuboltar í mismunandi hæð svo allir iðkendur geti æft rétt.
- Reipi og rimlagrindur
- Hljóðkerfi. Hátalararnir sem við erum núna með fara bráðum að springa. Hátalarar, magnari og jack tengi.
- Það þarf merkingu utan á húsnæðið.

⁸ SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing” (2010) 3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities < <http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aad0-650dcbc5a591>>

⁹ SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing” (2010) 3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities < <http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aad0-650dcbc5a591>>

Diplómahnefaleikar

HFH hefur lagt mikið upp úr barna og unglingastarfi síðastliðin ár. Í félaginu kennum við börnum og unglingum Diplómahnefaleika. Diplómahnefaleikar, eða byrjendahnefaleikar, eru mildari útgáfa af hnefaleikaþróttinni með sérstökum reglum. Þegar Daði Ástþórsson var yfirþjálfari í HFH kom hann af stað reglulegu mótahaldi í Diplómahnefaleikum á Íslandi. Diplómaviðureign er ekki dæmd eftir því hversu oft maður hittir andstæðinginn, heldur er í staðinn dæmt eftir tækni og framferði hnefaleikarans í hringnum og það er stranglega bannað að slá fast.

Eftir að Daði flutti til Akureyrar sá félagið áfram um skipulagningu flestra móta í Diplómahnefaleikum. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir hnefaleikaþróttina að Diplómahnefaleikar haldi áfram að vaxa. Vorið 2017 tók Hnefaleikasamband Íslands við skipulagningu á Diplómamótum. Það eykur gæði hnefaleika almennt að einstaklingar byrji að æfa Diplómahnefaleika þar sem ekki er komist upp með að slá fast og þannig eru meiri líkur á að iðkendur leggji tæknina almennilega fyrir sig. Við viljum því geta boðið börnum og unglingum í Hafnarfirði uppá bestu aðstöðu mögulega til þess að læra Diplómahnefaleika.

Heimildir

International Boxing Association, „AIBA Technical Rules“ (2016)

<<http://d152tffy3gbaeg.cloudfront.net/2015/02/AIBA-Technical-Rules-April-26-2017.pdf>>

Umhverfisstofnun, „Þrif og öryggisatriði í íþróttahúsum“ (2010)

<https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/ust-2010_o8.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf>

SportsAcademi Reklama LLC, „A game with a male character. Design of rooms and halls for boxing“ (2010) 3(50) Journal of Construction and operation of sports facilities

<<http://bmsi.ru/doc/dc2907aa-baca-4054-aado-650dcbc5a591>>

Vistbyggðarráð, „Efnisgæði. Yfirlit yfir algeng byggingarefni, eiginleika þeirra og helstu umhverfisáhrif“ (2017)

<http://www.vbr.is/files/Efnisg%2B%C2%AA%2B%C2%A6i_b%2B%C2%AAklingur_7.pdf>